

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 16. október 2018
UST201809-310/R.K.
08.12.00

Efni: Tillaga að matsáætlun – Strandeldisstöð Landeldis ehf. að Laxabraut í Þorlákshöfn – Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. september sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Landeldi ehf. verður hérefthir nefnt rekstraraðili.

Framkvæmdarlýsing og skipulag

Ráðgert er að reisa strandeldisstöð fyrir framleiðslu á laxi (*Salmo salar*), bleikju (*Salvelinus alpinus*) og urriða (*Salmo trutta*), við lóð nr. 1 við Laxabraut sunnan við Þorlákshöfn. Framkvæmdarsvæðið er á 8,6 ha lóð innan iðnaðarsvæðis skv. skipulagi. Starfsemin er í 300 m fjarlægð frá byggð og eru fyrir á svæðinu þrjár fiskeldisstöðvar, Íspór ehf. (nú Eldisstöðin Íspór hf.), Náttúra fiskirækt ehf., og Laxar fiskeldi ehf. skv. greinargerð.

Umfang starfseminnar er áætluð 5.000 tonna ársframleiðsla með hámarks lífmassa á hverjum tíma ei meira en 2.500 tonn skv. greinargerð. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að útskýrt sé nánar hvernig rekstraraðili hyggst ná þessu framleiðslumagni en haldast undir gefnum hámarkslífmassa. Stofnunin minnir á að mikilvægt er að miðað sé við fastan hámarks lífmassa í stöðinni á hverjum tíma svo starfsemin valda ekki óhóflegu álagi á umhverfisþætti, þá sérstaklega á viðtaka frárennslis. Í starfsleyfum strandelda eru ákvæði annars vegar um framleiðslumagn og hins vegar hámarkslífmassa sem starfsemin ber að fara ekki fram yfir.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í greinargerð er tekið fram í töflu 1 að eldihús sé: „*móttaka ásamt eldi seiða er standast ekki þá lágmarks- stærð er sett hefur verið fyrir þauleldissvæði*“ (bls. 9). Hér má greina betur frá þeim stærðarkröfum sem verið er að vitna til og hvort umrætt seiðaeldi telji ekki til lífmassa þessarar framkvæmdar.

Í skipulagskafla kemur fram að lóðin er gömul lítt frágengin grjótnáma og að nánar verði fjallað um skipulag í frummatsskýrslu framkvæmdar (bls.19). Skv. greinargerð er unnið að breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir svæðið. Umhverfisstofnun

minnir á að fyrir starfsleyfisgerð þarf deiliskipulag að vera fyrir starfseminni eða vera í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Umhverfisstofnun telur að eftirfarandi upplýsingar þurfi að liggja fyrir í frummatsskýrslu.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun telur áform rekstraraðila um umhverfisevntun starfseminnar jákvæð svo strandeldið sé í sem mestri sátt við vistkerfi og auðlindir svæðisins (bls. 6). Þá er ákjósanlegt að fjallað verði betur um þá umhverfisevntun sem rekstraraðili sækist eftir.

Mun fiskeldisstöðin vera byggð í samræmi við viðurkennda staðla skv. greinargerð (bls. 9) en Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í frummatsskýrslu verði fjallað um hvernig skal nýta bestu aðgengilegu tækni við reksturinn. Auk þess minnr Umhverfisstofnun á að skv. 20. gr. lið 3.h reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum á tillaga að vöktunaráætlun að fylgja með frummatsskýrslu.

Landslag og ásýnd

Mikilvægt er að fjallað verði um áætlaða stærð og gerð mannvirkja og hvernig staðið sé að uppbyggingu stöðvar svo að mannvirki falli sem best að landslagi svæðis. Þetta á við um megin mannvirki auk lágreistra bygginga yfir borholum og brunnum. Umhverfisstofnun telur vegna umfangs og sýnileika starfseminnar þörf á umræðu um mótvegisaðgerðir vegna áhrifa framkvæmdar á landslag, m.a. efnis og litaval mannvirkja þrátt fyrir staðsetningu innan iðnaðarlóðar.

Frárennsli (losun næringarefna í viðtaka)

Áformað er að frárennsli frá starfseminni sé leitt í gegnum síun þar sem seyran er skilin frá frárennslisvökva sem er síðan leitt til sjávar um útfallsrör (bls. 16). Fjalla þarf ítarlega um frárennsli frá starfseminni og þá hreinsun sem verður á frárennslisvökva áður en honum er hleypt út í viðtakann.

Umhverfisstofnun telur áform um nýtingu á seyru sem fellur til við síun frárennslis jákvæð sé sú nýting í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru og valdi ekki mengun þar sem hún er nýtt. Mikilvægt er að skýrt sé nánar frá áformum um nýtingu seyru í frummatsskýrslu framkvæmdar. Stofnuninn bendir á að fyrir starfsleyfisveitingu þarf að liggja fyrir samþykki eiganda landsins þar sem áformað er að nýta seyruna.

Fjalla þarf ítarlega um þann valmöguleika að nýta frárennsli til keyrslu á rafmagnstúrbínunum líkt og greint er frá í greinargerð (bls. 11). Þá telur Umhverfisstofnun rétt að hún verði umsagnaraðili fyrir slíka frárennslisveitu líkt og Sveitarfélagið Ölfus og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Umhverfisstofnun minnr á að fráveitu skal hagað líkt og gert er ráð fyrir í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Ef staðsetning frárennslis er ekki í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar, er heimilt að beita öðrum lausnum sem heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar sbr. 7. mgr. 9.gr. reglugerðar. Umhverfisstofnun minnr á að krafa um að veita frárennsli minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstaumsfjörumörkum er meginregla og samþykkt á öðrum lausnum því undantekning ef það „*reynist ómögulegt vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði 2. mgr.*“ skv. ofangreindri reglugerð. Þá er gert ráð fyrir því að rök fyrir þessum landfræðilega ómöguleika séu færð í umsókn

Þess til heilbrigðisnefndar og veitir Umhverfisstofnun umsögn til heilbrigðisnefndar um þá leyfisveitinu líkt og áður sagði.

Lífriki í fjöru (gróður og fuglalíf)

Fjalla þarf ítarlega um þau áhrif sem losun frárennslis í viðtaka kann að hafa á lífríki viðtakans í frummatsskýrslu framkvæmdar. Fram kemur í greinargerð að fjallað verði stuttlega um góðurfar og dýralíf (bls. 17). Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé vel um áhrif framkvæmdar á lífríki svæðisins, einkum lífríki viðtaka frárennslis. Þá er sérstaklega bent á fjörugróður og á það við um áhrif á plöntur og þörungum líkt og þangs í fjörunni.

Umhverfisstofnun bendir á að fuglalíf getur orðið fyrir áhrifum á losun fráveitu og telur að fjalla þurfi um þau áhrif í frummatsskýrslu framkvæmdar.

Vatnstaka og grunnvatn

Áform um umfjöllun frummatsskýrslu um vatnstöku og grunnvatn skv. greinargerð tillögu að matsáætlun (bls. 22-24) eru fullnægjandi að mati Umhverfisstofnunar.

Samlegðaráhrif

Í greinargerð segir að fjalla verði um heildarnæringarefnalosun í viðtakann í samlagningu við þær stöðvar sem eru í rekstri innan svæðisins (bls. 16). Í nálægð framkvæmdarsvæðis rekstraraðila eru þrjár fiskeldisstöðvar líkt og áður sagði, Eldisstöðin Íspór hf., Náttúra fiskirækt ehf. og Laxar fiskeldi ehf. Umhverfisstofnun bendir á að í 4. gr. reglugerðar nr. 105/2000 segir að lágmarksfjarlægð á milli milli sjókvía-, strandeldis- og hafbeitarstöðva innbyrðis skal ekki vera minni en 2 km., og miðist við loftlínu. Fram kemur í greinargerð að þessar þrjár stöðvar hafa starfsleyfi fyrir 2.500 tonna ársframleiðslu (bls. 8). Skv. upplýsingum Umhverfisstofnunar hafa þessi þrjú félög starfsleyfi fyrir samtals 2.340 tonn ársframleiðslu. Þ.e. Eldisstöðin Íspór hf. með 600 tonn, Náttúra fiskirækt ehf. með 1.200 tonn og Laxar fiskeldi ehf. með 520 tonn (500 tonn að Laxabraut 9 og 20 tonn að Fiskalóni). Þar með er ekki ljóst hvaðan 2.500 tonna ársframleiðslan sem greint er frá í greinargerð kemur. Hins vegar er framleiðsluaukning Laxa fiskeldis ehf. við Laxabraut upp í 2.500 tonna eldi í matsferli og skilaði Umhverfisstofnun umsögn um tillögu að matsáætlun þess strandeldis dags. 28. maí sl. Því eru möguleg heildarframleiðsla á svæðinu alls 9.320 tonna eldi (600+1.200+2.520+5.000) á svæðinu og því talsverð aukning með tilheyrandi álagi á viðtakann að mati Umhverfisstofnunar.

Mikilvægt er að umfjöllun um samlegðaráhrif framkvæmdarinnar sé ítarleg og skýr í greinargerð frummatsskýrslu að mati stofnunarinnar. Ber rekstraraðilum að gera grein fyrir áhrifum framleiðsluaukningar m.t.t. þess álags sem verður ef verður að umræddum áformum rekstraraðila og telur Umhverfisstofnun jákvætt ef fjallað verði í frummatsskýrslu um sameiginlega vöktun þeirra aðila sem losa í sama viðtakann. Hugað verður að þessu við starfsleyfisveitingu þá sérstaklega hvað varðar aukið frárennslis og áhrif þess á viðtakann og eru ákvæði í starfsleyfi um endurskoðun ef mengunarálag er orðið of mikið að mati Umhverfisstofnunar. Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrædd vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki skal endurskoða leyfi til að tryggja að umhverfismarkmiðum sé náð.

Efnistaka og jarðmyndanir

Fram kemur í greinargerð hvaða sex umhverfiþætti verður ekki fjallað um í frummatsskýrslu framkvæmdar þar sem áhrif eru talin engin eða óveruleg (bls. 21). Þar á meðal eru jarðmyndanir, efnistaka og haugsetning. Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi um frágang svæðis eftir að framkvæmdum líkur. Stofnunin telur að fjalla ætti um gerð nýrrar vegatengingar inn á iðnaðarsvæðið (bls. 11). Vegna eðlis og staðsetningar ekki talin þörf á frekari umfjöllun um áhrif sem framkvæmdir munu hafa á gróðurfar eða jarðmyndanir á framkvæmdarsvæðinu þar sem þau áhrif verða innan skilgreinds iðnaðarsvæðis.

Annað

Í kafla 2.2 greinargerðar er farið yfir þau lög sem viðeigandi eru fyrir framkvæmdina. Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 44/1999 eru brottfallin með lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og lög um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986 eru brottfallin með lögum nr. 33/2004 um mengun hafs og stranda.

Stofnunin minnir á að fjalla skal um aðra valkosti en megin valkostinn í frummatsskýrslu framkvæmdar sbr. 20. gr. lið 1.h í reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Hér er átt við mismunandi valkosti svo sem varðandi umfang, vatnstöku, notkun mismunandi eldisbúnaðar, annar losunarstaður frárennslis og eða seyru o.fl. Ber að rökstyðja hvers vegna valinn kostur sé talinn besti kostur framkvæmdar auk þess að fjalla um núllkost.


Greinargerð tillögu að matsáætlun er að mati Umhverfisstofnunar að mestu leyti vel unnin og er nægilega vel greint frá framkvæmd. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað verði vel um ofangrein atriði í frummatsskýrslu framkvæmdar. Stofnunin gerir ekki fleiri athugasemdir við greinargerð tillögu að matsáætlun framkvæmdar.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur



Steinar R. Beck Baldursson
Sérfræðingur